



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. nóvember 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 155. mál.

Í ofangreindri tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 155. mál er m.a. lagt til að málefni mannvirkja, sem nú heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið flytjist til nýstofnaðs ráðuneytis félagsmála. Samtök iðnaðarins mótmæla harðlega þeim fyrirætlunum.

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð er mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Vægi byggingariðnaðar nam 7,7% af vergri landsframleiðslu árið 2017 og nam verðmætasköpun greinarinnar 197 milljörðum króna. Þar með er greinin með meira vægi en sjávarútvegur og fjármálastarfsemi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu svo dæmi séu tekin. Um 13 þúsund launþegar störfuðu í byggingariðnaði árið 2017. Að mati samtakanna er fráleitt að þessum mikilvæga málaflokki verði komið fyrir innan ráðuneytis sem burtséð frá húsnæðismálum hefur að öðru leyti enga samleið með málefnum mannvirkja. Málefni félagsmálaráðuneytisins varða m.a. sjúkra- og lífeyristryggingar, félagsþjónustu, málefni barna og málefni fatlaðra. Um er að ræða tengda málaflokka en það gefur augaleið að mannvirkjamálin standa ofangreindum málaflokkum fjarri og regluverkið er ólíkt. Málefni mannvirkja fara þannig úr því að vera jaðarmálaflokkur í einu ráðuneyti yfir í að vera jaðarmálaflokkur í öðru ráðuneyti.

Í tillögunni kemur fram að um sé að ræða málefni mannvirkja eins og þau eru skilgreind í núgildandi forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þ.e. forsetaúrskurður nr. 84/2017. Þar undir falla eftirtalin mál, sbr. 18. tölul. 1. mgr. 7. gr. forsetaúrskurðarins: (i) eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra, (ii) brunavarnir, (iii) eftirlit með byggingarvörum, (iv) eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum og (v) Mannvirkjastofnun. Þannig eru undanskilin mál um mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála en það er sú nefnd innan stjórnáráðuneytisinnar sem hefur forræði á m.a. mannvirkjamálum sem og öðrum málum sem munu standa áfram í umhverfis- og auðlindamálaráðuneytinu. Mannvirkjamálin verða þannig aðskilin frá málaflokkum sem þau eiga mikla samleið með, s.s. skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, og færð inn í ráðuneyti gjörólíkra málaflokka. Brýn þörf er á að auka skilvirkni og einfalda framkvæmdina innan málaflokksins í heild sinni en með þessu fyrirkomulagi verður kerfið flóknara. Með hliðsjón af öllu ofangreindu sem og mikilvægi byggingariðnaðar og húsnæðismála í heild sinni er hinni fyrirhuguðu ráðstöfun mótmælt.



Samtökin hafa bent á að málefni íbúðamarkaðar, þ.m.t. uppbygging íbúðarhúsnæðis og skipulagsmál, séu munaðarlaus málaflokkur í stjórnarráðinu í ljósi þess að húsnæðismál eru á verksviði velferðarráðuneytisins, skipulagsmál og málefni mannvirkja eru á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytis og málefni sveitarfélaga eru á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Með núverandi skiptingu er hvorki yfirsýn yfir málaflokkinn í heild sinni né skilvirkni. Svo verður heldur ekki með fyrirhugaðri breytingu þar sem málefni sem tengjast íbúðarhúsnæði verða enn á forræði þriggja ráðuneyta.

Að mati samtakanna ætti að færa húsnæðismál úr velferðarráðuneyti og bygginga- og skipulagsmál úr umhverfis- og auðlindaráðuneyti yfir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti þannig að úr verði öflugt innviðaráðuneyti þar sem þessi mikilvægi málaflokkur yrði í heild sinni. Fyrir þessu eru skýr fordæmi í Danmörku og Svíþjóð. Þannig ykist skilvirkni og yfirsýn í málaflokknum til muna sem er forsenda þess að uppbygging húsnæðis á Íslandi verði hagkvæmari.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Hannesson', written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson
Framkvæmdastjóri